

Fundargerð

13. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 20. mars 2007, kl. 17:00.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Hörður Sverrisson, Gestur Guðjónsson, Birgir Guðjónsson, Felix Sigurðsson, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri.

Áslaug Ívarsdóttir og Gunnar Sigurðsson boðuðu forföll.

1. Fundargerð 12. fundar stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál.

- a) Drög að Ársreikningum FRÍ 2006 lagðir fram.
- b) Drög að Ársreikningum FRÍ ehf lagðir fram.
- c) Styrktarsamningar vegna 2007. Rætt.
Finna þarf allt að þrjá nýja aðalstyrktaraðila vegna ársins 2007 fyrir 1. júní nk.
- d) Merkisberar. Stjórn FRÍ samþykkir að leggja af styrktarmannaverkefnið "Merkisberar FRÍ" vegna of mikillar frjárhagslegar áhættu fyrir sambandið.
- e) Drög að fjárhagsuppgjöri vegna 1.tbl. Frjálsíþróttablaðsins 2007 lagt fram.
- f) Fjárhagsuppgjör vegna Reykjavíkurlleika 2007 lagt fram.

3. Mótamál.

- a) Úthlutun utanhússmóta 2007.
Öllum mótum á vegum FRÍ 2007 hefur verðið úthlutað til sambandsaðila að undanskildum MÍ í 5000m kvenna og 10.000m karla og Bikarkeppni FRÍ, 2.deild. Þá þarf að skoða Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri, þar sem Laugardalsvöllur er ekki laus 8. September vegna landsleiks á vellinum þann dag. Framkvæmdastjóri hafi samband við mótshaldara (Ármann) og finni lausn í samráði við mótshaldara um aðra staðsetningu/dagsetningu.
- b) EM innanhúss 2.-4. mars 2007. Lögð fram skýrsla fararstjóra.
- c) Skólaþríþraut FRÍ og Iceland Express 2007. Viðtökur hafa verið góðar og margir skólar hafa skráð þátttöku í Skólaþríþrautinni. Rætt um dagsetningu fyrir lokamótið í Laugardalshöllinni helgina 19.-20. maí. Framkvæmdastjóri sækir um tíma fyrir lokamótið í Laugardalshöllinni.
- d) Landsbankahlaup FRÍ 2007. Ákveðið hefur verið að endurvekja Landsbankahlaup FRÍ í samstarfi við Landsbankann og hefur verið ákveðið að hlaupið fari fram á 22 stöðum um allt land 5. maí nk. Lögð fram drög að samstarfssamningi milli FRÍ og Landsbankans um framkvæmd hlaupsins. Samþykkt að ráða Ágúst Þorsteinsson sem verkefnisstjóra fyrir hlaupið. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri gangi frá samkomulagi við Ágúst vegna þessa verkefnis.
- e) NM öldunga innanhúss 2008. Ákveðið hefur verið að mótið fari fram í Laugardalshöllinni 29. febrúar til 2. mars 2008. Samþykkt að óska eftir að fulltrúi frá Öldungaráði FRÍ komi á næsta fund stjórnar.
- f) NM U20 á Íslandi 2008. Framkvæmdastjóri minnti á að hefja þurfi undirbúning að Norðurlandamóti unglínga 19 ára og yngri sem á að fara

fram hér á landi 16.-17. ágúst á næsta ári s.s. að skipa undirbúningsnefnd, ákveða staðsetningu o.fl. Rætt.

4. Landsliðs- og afreksmál.

- a) Yfirþjálfarar og fararstjórar á mótum erlendis 2007. Frestað til næsta fundar.
- b) Afrekssjóður ÍSÍ. Frestað þar til álit Íþróttá- og afreksnefndar liggur fyrir.

5. Lagt fram.

- a) Menntamálaráðuneytið – “Ungt fólk 2006” niðurstöður rannsóknar.
- b) ÍSÍ - Norræni Menningarmálasjóðurinn 2007 – umsóknir.
- c) ÍSÍ – Niðurstöður úr lyfjaeftirliti:
Eftirfarandi frjálsíþróttamenn voru nýlega boðaðir í lyfjaeftirlit að beiðni FRÍ, í kjölfar Íslandsmeta:
 - * Kári Steinn Karlsson, Breiðabliki, vegna Íslandsmets í 3000m hlaupi.
 - * Sveinn Elías Elíasson, Fjölni, vegna Íslandsmets í 200m hlaupi.Engin lyf af bannlista fundust í sýnunum.

Eftirfarandi frjálsíþróttamenn voru boðaðir í lyfjaeftirlit af Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ á Meistaramóti Íslands innanhúss:

- * Helga Kristín Harðardóttir, Breiðablik
 - * Ásdís Hjálmsdóttir, Ármanni
 - * Helga Margrét Þorsteinsdóttir, USVH
 - * Ágústa Tryggvadóttir, Umf.Selfoss
 - * Helga Þráinsdóttir, ÍR
 - * Einar Daði Lárusson, ÍR
 - * Brynjar Gunnarsson, ÍR
 - * Óðinn Björn Þorsteinsson, FH
 - * Bergur Ingi Pétursson, FH
 - * Ólafur Guðmundsson, HSP
 - * Ragnar Frosti Frostason, UMSS
 - * Sveinn Elías Elíasson, Fjölni
- Engin lyf af bannlista fundust í sýnunum.

- d) EAA – styrkur vegna EAA móta 2007.
- e) EAA – Yfirlit yfir styrki frá EAA vegna EAA móta 2006.
- f) ÍSÍ – Skipting ríkisstyrks til sérsambanda 2007.
FRÍ fékk úthlutað kr. 1.600.000 vegna ársins 2007, sem er 100 þúsund króna hækkun frá sl. ári, en heildarframlag ríkissins hækkaði úr 30 milljónum í 40 milljónir milli áranna 2006 og 2007. Rætt og samþykkt að óska eftir fundi vegna þessa og úthlutunar úr Ólympíufjölskyldu vegna ársins 2007.
- g) ÍSÍ – Úthlutun úr sjóði Ólympíufjölskyldu vegna 2007. FRÍ fékk úthlutað kr. 400.000 vegna landsliðsverkefna fyrir árið 2007, auk 6 frífarseðla á leiðum Icelandair. Þetta er 20% lækkun á styrk m.v. árið 2006 og tveimur færri frífarseðlar en á sl. ári. Rætt.
- h) EM 2006 – Lokaskýrsla frá LOC í Gautaborg lögð fram.
- i) Félagaskipti.
Eftirfarandi félagaskipti hafa verið tilkynnt til FRÍ frá síðasta fundi stjórnar:

* Guðmundur Hólmar Jónsson, kt. 280479-3579, úr Umf. Gretti (USVH) í Ármann (ÍBR). Fékk réttindi til að keppa fyrir Ármann 21. febrúar sl.

* Jón Örn Árnason, kt. 050488-3739, úr Umf. Dímoni (HSK) í FH (ÍBH). Fékk réttindi til að keppa fyrir FH 19. mars sl.

6. Innsend mál.

- a) Bréf frá frjálsíþróttaráði UMSS um þjálfaramenntun lagt fram. Frjálsíþróttaráð UMSS skorar á stjórn FRÍ að koma í farveg menntun fyrir þjálfara innan sambandsins sem fyrst. Rætt.
- b) ÍSÍ – Bréf frá sviðsstjóra Afrekssviðs um fundi vegna afreksmála. Framkvæmdastjóri bóki fund með honum á næstu dögum.

7. Önnur mál.

- a) Formaður greini frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri átti með ÍTR, ÍBR og forstöðumanni Laugardalshallarinnar þann 12. mars sl. Fram kom á fundinum að FRÍ getur úthlutað öllum aðildarfélögum mótum á vegum FRÍ í Laugardalshöll, án þess að þau þurfi að greiða leigu til hússins. Einnig var ákveðið að aðilar skuli skilgreina þau mót sem fram fara í Laugardalshöllinni eftir umfangi þeirra.
- b) Norðurlandafundur í Kaupmannahöfn 9. mars sl. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu punkta frá Norðurlandafundi, sem hann og formaður sóttu í Kaupmannahöfn um sl. helgi. Á fundinum voru m.a. samþykktar eftirfarandi dagsetningar fyrir Norðurlandamótin á næsta ári:
 - * 25. maí – NM í 10000m hlaupi í Danmörku.
 - * 7.-8. júní – NM U23 í fjölþrautum í Finnlandi.
 - * **16.-17. ágúst – NM U20 á Íslandi.**
 - * 6.-7. sept. – NM U23 í Finnlandi.
 - * 8. nóv. – NM í víðavangshlaupi í Danmörku.
- c) Samþykkt að formaður FRÍ og formaður Tækninefndar, Birgir Guðjónsson sækir þing IAAF í Osaka í Japan 22.-23. ágúst nk. f.h. sambandsins.

Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson